

VÍKURFRÉTTIR

MÍÐVÍKUDAGUR 26. FEBRÚAR 2025 // 8. TBL. // 46. ARG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK



Hátt uppi í Pósthússtræti

Það er ekki fyrir lofthædda að vinna hátt uppi. Þessir menn eru greinilega öllu vanir en þeir unnu að því á þriðjudaginn í þessari viku að setja upp vinnupalla við háhýsi sem nú er í byggingu við Pósthússtræti í Keflavík. Ljósmyndari Víkurfrétta sendi flygildi að byggingasvæðinu og fékk útsýni sem aðeins fuglinn fljúgandi er vanur að sjá.

VF/Hilmar Bragi Bárðarson



Stöðvaði fyrir- hugaða met- anólframleiðslu á Reykjanesi

Leyfi til reksturs metanólframleiðslu á lóð innan Auðlindagarðsins á Reykjanesi var ekki samþykkt á fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar 18. febrúar en málið hafði fengið brautargengi í umhverfis- og skipulagsráði bæjarins. Margrét Þórarinsdóttir, oddviti Umbótar, lagði fram spurningar sem hún óskaði eftir að bæjarfélagið fengi svör við áður en hægt væri að samþykkja málið. Henni varð að ósk sinni og var málinu frestað. Sjá nánar á síðu 2.



Há áhætta segir lögreglustjóri

Í Grindavík er áhætta há fyrir alla hópa, bæði að nóttu sem degi. Á Svartsengissvæðinu er áhætta talin há, bæði að nóttu sem degi. Þetta segir Úlfar Lúðvíksson, lögreglustjóri á Suðurnesjum. Kvikusöfnun undir Svartsengi er nú að nálgast það sem hún var í aðdraganda eldgossins í ágúst í fyrra en þá höfðu safnast 40 milljónir rúmmetra af kviku undir eldstöðina.

- ✓ Reynsla og traust
- ✓ Atvinnuljósmyndun og drónamyndataka
- ✓ Persónuleg og sérsniðin þjónusta
- ✓ Við erum hér til að gera ferlið einfalt og ánægjulegt - frá fyrsta skrefi til loka

ALLT
FASTEIGNASALA
allt@allt.is | 560-5500

Hafðu samband í dag og láttu okkur sjá um fasteignina þína!

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

Margrét stöðvaði fyrirhugaða metanólframleiðslu á Reykjanesi

■ Vantaði frekari upplýsingar um mengun og fleira. Bæjarstjórn frestaði samþykki og ætlar að fá að vita meira

Leyfi til reksturs metanólframleiðslu á lóð innan Auðlindagarðsins á Reykjanesi var ekki samþykkt á fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar 18. febrúar en málið hafði fengið brautargengi í Umhverfis- og skipulagsráði bæjarins. Margrét Þórarinsdóttir, oddviti Umbótar, lagði fram spurningar sem hún óskaði eftir að bæjarfélagið fengi svör við áður en hægt væri að samþykka málið. Henni varð að ósk sinni og var málinu frestað.

Fyrirtækið Swiss Green Gas International sótti um bygginar- og framkvæmdaeyfi til framleiðslu metanóls í nágrenni Reykjanesvirkjunar. Margrét Þórarinsdóttir steig í pontu og furðaði sig á því að svo virtist sem upplýsingar m.a. um

”

...Hvað þarf þá að flytja inn mikið magn af mengun? Hvernig verður tryggt að mengun og önnur áhrif verði í raun innan ásættanlegra marka, ekki bara í byrjun heldur áratugi fram í tímann?...

menngun vegna framleiðslunnar og fleiri atriði, hafi ekki verið skoðuð nógu vel. Í umhverfismatsskýrslu Verkis um framkvæmdirnar segir að áhrif þeirra á rekstrartíma séu metin neikvæð á sjó og ásýnd lands og landslag. Nokkuð neikvæð áhrif séu á ferðamennsku og útivist. Þá séu áhrif um efnahættu talin nokkuð neikvæð.

Þá spurði Margrét m.a. um rekstrarhæfi fyrirtækisins (SGGI) og hefur áhyggjur af fleiri málum.

„Ég vil því spyrja meirihlutann, Framsókn, Samfylkinguna og Beina leið, hvort að Swiss Green Gas International hafi staðið við fyrri verkefni? Er rekstrarhæfi þess tryggt? Er raunverulega næg koldíox (CO₂) losun frá jarðvarmavirkjuninni til staðar fyrir 28 megavatta (MW) framleiðslu? Ef svo er ekki, hvað þarf þá að flytja inn mikið magn af mengun? Hvernig verður tryggt að mengun og önnur áhrif verði í raun innan ásættanlegra marka,

ekki bara í byrjun heldur áratugi fram í tímann? Í skýrslunni kemur fram að mengun verði „ásættanleg,“ það er í rauninni huglægt mat sem krefst frekari greiningar, sérstaklega þegar um er að ræða langtímaáhrif. Einnig kemur fram í skýrslunni með leyfi forseta, „áhættumat verður framkvæmt fyrir reksturinn og nákvæmari öryggisaðgerðir verða skilgreindar, byggt á sértækum hættum vegna hugsanlegs metanólsleka. Gerð verður grein fyrir þessum að-

gerðum í starfsleyfi.“ Ég get varla orða bundist, hvers vegna er ekki gerð grein fyrir þessum aðgerðum í skýrslunni.

Í umræðum á bæjarstjórnarfundinum spurði Margrét líka bæjarfulltrúa á fundinum hvort þeir hefðu ekki fengið upplýsingar úr umhverfismatsskýrslunni sem reyndar hefði verið mikið „torf“ og erfið til lestar. „Við þurfum að fá sérfræðinga til að útskýra verkefnið betur áður en hægt er að samþykka það,“ sagði Margrét.

Fulltrúar meirihluta bæjarstjórnar tóku stutt fundarhlé og að því loknu steig forseti bæjarstjórnar í pontu og sagði að málinu yrði frestað og bæjarstjóra falið að skoða það betur.



Vínveitingar á æskulýðs- viðburðum fari fram með ábyrgum hætti

„Umbót telur að markmiðið ætti ekki að vera að banna vínveitingar á íþrótt- og æskulýðsviðburðum, heldur að tryggja að þær fari fram með ábyrgum hætti. Mikilvægt er að fylgja skýrum reglum og gæta þess að neysla og sala áfengis sé í samræmi við gildandi reglugerðir. Til dæmis að tryggja að enginn undir 18 ára sé á þeim svæðum þar sem áfengi er neytt og að allir fari að settum reglum um sölu og neyslu,“ sagði Margrét Þórarinsdóttir, oddviti Umbótar í bæjarstjórn Reykjanesbæjar í bókun á bæjarstjórnarfundum 18. febrúar vegna fundargerðar Lýðheilsuráðs en þar var til umfjöllunar áfengissala á íþróttaviðburðum.

„Við berum sameiginlega ábyrgð á því að skapa heilbriggt og öruggt umhverfi fyrir ungmenntu okkar. Þau taka eftir því sem við gerum og læra af fordæmi okkar. Ef við sýnum ábyrgð og skynsemi í þessum málum, hjálpum við þeim að þróa heilbrigð viðhorf til áfengis og samfélagslegra gilda. Við ættum að geta verið sammála um að halda þessu í góðu jafnvægi. Við viljum ekki missa stjórnina né að hlutirnir fari úr böndunum.

Ungt fólk er framtíðin og það er okkar hlutverk að tryggja að þau alist upp í umhverfi þar sem heilbrigðir lífshættir og góðar fyrirmyndir eru í fyrirrúmi. Ég treysti íþróttafélögnum til að halda utan um þetta á þann hátt að unga fólk þeirra þurfi ekki að bera skaða af, heldur njóti jákvæðs og uppbyggilegs umhverfis sem styrki þau til framtíðar,“ segir Margrét í bókuninni. Valgerður Björk Pálsdóttir (Y) tók til máls og tók undir bókun Margrétar.

Allt hreint
Umhverfissvöluð ræstingarþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS



16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

Pantið flutning á cargo.flutningar.is

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



30.000 fermetra verslunar- og þjónustukjarni rís í Sveitarfélaginu Vogum

Fasteignapróunarfélagið Íslenskar fasteignir og landeigendur Heiðarlands Vogajarða í Sveitarfélaginu Vogum hafa undirritað viljayfirlýsingu um uppbyggingu verslunar- og þjónustukjarna við gatnamót Reykjanesbrautar og Vogavegar. Á svæðinu, sem er um 10 hektarar að stærð, er gert ráð fyrir að rísi allt að 30 þúsund fermetra verslunar- og þjónustuhúsnæði. Þetta kemur fram í tilkynningu.

„Samkomulagið er afar þýðingarmikið fyrir íbúa Sveitarfélagsins Voga enda fyrirséð að sú uppbygging sem hefur átt sér stað mun halda áfram á komandi árum. Þá getur hið nýja verslunarsvæði orðið gríðarleg lyftistöng fyrir svæðið í heild sinni,“ segir Guðrún P. Ólafsdóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Voga.

„Það er þörf á uppbyggingu verslunar- og þjónustu fyrir ört vaxandi samfélag en um leið felast tækifæri í þjónustu við erlenda ferðamenn sem fara um svæðið sem og íbúa höfuðborgarsvæðisins. Staðsetning sveitarfélagsins er þannig hagfelld hvað varðar nálægð við bæði Keflavíkflugvöll og höfuðborgarsvæðið.“

Síðasta áratug hefur langmesta íbúafjöldunin verið á Reykjanesi, eða um 43% samkvæmt tölum Hagstofunnar. Þeir voru ríflega 21.000 árið 2015 en um 31.000

í byrjun árs 2024. Á sama tíma hefur Íslendingum fjölgað um tæp 19%. Þá er gert ráð fyrir að um 2,5 milljónir ferðamanna fari um Keflavíkflugvöll á næsta ári. Gunnar Thoroddsen, stjórnarformaður Íslenskra fasteigna, segist bjartsýnn á tækifærin sem felast í uppbyggingu á svæðinu og þjónar stækkandi hópi íbúa á Reykjanesinu. Vogar séu vel í sveit settir vegna nálægðar við höfuðborgarsvæðið og Reykjanesbæ.

„Á sama tíma felast mikil tækifæri í núverandi ferðamannastrámi sem á leið um Keflavíkflugvöll og til höfuðborgarsvæðisins. Lóðin er frábærlega staðsett við eina helstu umferðaræð landsins,“ segir Gunnar. Vonast er til að uppbygging geti hafist á næstu tveimur til þremur árum en nú tekur við undirbúningur að skipulagsbreytingum, hönnun og samningum við rekstraraðila.



Leitum að liðsauka í Reykjanesbæ

Sala og þjónusta trygginga



Lýsa áhyggjum vegna öryggismála gangandi og akandi vegfarenda í Sandgerði

B-listi Framsóknar lýsir yfir þungum áhyggjum vegna stöðu öryggismála gangandi og akandi vegfarenda við gangbrautina sem liggur yfir Sandgerðisveg í átt að Sandgerðisskóla. Þetta kemur fram í bókun Framsóknar en mál er varðar umferðaröryggi gangandi og akandi við Sandgerðisveg var tekið á dagskrá síðasta fundar bæjarráðs Suðurnesjabæjar.

Í bókuninni segir einnig: „Um er að ræða ein mestu eknu gatnamót sveitarfélagsins, þar sem gangbraut liggur yfir stofnveg (vegnum 429). Með tilkomu nýs íbúðarhverfis í Skerjahverfi hefur umferð um gatnamótin aukist til muna, og telur B-listi Framsóknar því mikilvægt að setja aukinn kraft í þau samtöl og vinnu sem snúa að gerð hringtorgs við Byggðaveg, við inn-

komu í byggðarkjarnann Sandgerði í Suðurnesjabæ. Með því yrði hægt að ná niður umferðarhraða og auka umferðaröryggi á gatnamótunum Byggðavegs, Sandgerðisvegar og Skerjahverfis.

Einnig telur B-listi mikilvægt að bláhattalýsing verði sett upp hið fyrsta við gangbrautina til að auka sýnileika gangandi vegfarenda.“



Góðar sögur aftur í loftið

Hlaðvarpið Reykjanes góðar sögur heldur áfram göngu sinni og hafa nýir viðmælendur bæst í hópinn sem hafa góða sögu að segja. Sögurnar tengjast allar Reykjanesi á einn eða annan hátt og eru viðmælendur af öllum sviðum samfélagsins – og sögurnar því margbreytilegar.

Umsjónarmenn eru Dagný Maggýjar og Eyþór Sæmundsson en verkefnið er styrkt af Sóknaráætlun Suðurnesja og er markmið þess að efla jákvæða mynd svæðisins.

Að sögn Dagnýjar og Eyþórs er nóg til af góðum sögum og það sem betra sé, fólk sé að hlusta.

Við fórum af stað með hlaðvarpið 2021 og viðtök voru strax góðar. Allir sem við leituðum til tóku jákvætt í viðtal og það kom skemmtilega á óvart hversu margir eru að hlusta en niðurhólin eru orðin 27 þúsund sem verður að teljast nokkuð gott. Við erum því afar sátt með viðtökurnar og hlustunin segir okkur að það sé eftirspurn eftir þessum sögum, og á

meðan svo er höldum við áfram að segja sögur sem tengjast svæðinu.

A vef VÍKURFRÉTTA má einnig nálgast viðtal sem þau áttu í hlaðvarpinu við Unu Steinsdóttur.



Eyþór Sæmundsson og Dagný Maggýjar sjá um hlaðvarpið Reykjanes góðar sögur.



Bárusker 2 í nýju hverfi, Skerjahverfi, í Sandgerði. VF/Hilmar Bragi

Bárusker 2 síðasta fjölbýlishúsið í Sandgerði



Halldór Kristján Sigurðsson, löggiltur fasteignasali hjá Skeifunni fasteignasölu, inni í einni íbúðinni við Bárusker 2.

Húsnæðisfélög keypt flestar íbúðir í fjölbýli

Staðan á markaðnum er sú að það sé ekki mikið um íbúðir til sölu í nýjum fjölbýlishúsum og það sé ljóst að fleiri slík rísa ekki í Sandgerði á næstu misserum. Í Garði eru síðan framkvæmdir að hefjast við eitt fjölbýli og nokkur séu á skipulagi en ekki sé komið að uppbyggingu þar alveg strax. Halldór segir að undanfarið hafi það verið þannig að húsnæðisfélög hafi keypt upp flestar þeirra eigna sem hafa komið á markað m.a. vegna Grindavíkur.

Halldór telur að það sé mögulega þörf fyrir fleiri íbúðir í fjölbýli á Suðurnesjum. Hann segir þó að fasteignasala á Suðurnesjum hafi verið nokkuð hæg þegar horft er framhjá þeirri fasteignasölu sem varð vegna uppkaupa á fasteignum Grindavíkinga. Lífið á fasteignamarkaði á síðasta ári var einna helst vegna þeirra fjárhæða sem greiddar voru út til Grindavíkinga vegna sölu þeirra á eignum til Þórkötlu.

Gæðahúsnæði á sanngjörnu verði

Byggingaraðili hússins er Rætur verktakar ehf. sem er byggingaverktaki á Suðurnesjum. Rætur er allhliða byggingafélag sem er byggt á yfir 25 ára grunni. Starfsmenn félagsins eru með áratuga reynslu af byggingaverkefnum og rekstri. Áhersla félaganna er bygging gæðahúsnæðis fyrir fjölskyldur á sanngjörnu verði. Hlutdeildarlán eru í boði.

Ríss ehf. hannaði húsin, glugga, burðarvirki og lagnir. Tera sf. verkfræðistofa hannaði raflagnir. Verkefnastjóri er Ellert Hannesson. Byggingastjóri er Einar Hannesson byggingafræðingur og húsamíðameistari. Húsamíðameistari er Hannes Einarsson. Rafvirkjameistari er Arnar Dór Hannesson. Pípuþingameistari er Benedikt Jónsson.

Við Bárusker 2 í Sandgerði hefur risið ellefu íbúða fjölbýlishús á tveimur hæðum sem nú er komið í sölu. Uppbygging Skerjahverfis hófst árið 2021 en þar er gert ráð fyrir alls 136 íbúðum, þar af 33 íbúðum í fjölbýli og 103 íbúðum í sérbýli. Sérbýlisíbúðir skiptast í 35 íbúðir í raðhúsum, 27 íbúðir í keðjuhúsum, 18 íbúðir í parhúsum og 23 íbúðir í einbýlishúsum. Fjölbýlishúsin eru nú öll risin og er Bárusker 2 síðasta fjölbýlishúsið sem rís í Sandgerði samkvæmt gildandi skipulagi.

Halldór Kristján Sigurðsson, löggiltur fasteignasali hjá Skeifunni fasteignasölu, annast sölu íbúðanna í húsinu. Bárusker 2 er fjölbýlishús sem er byggt úr steiptum einingum og er staðsett í Sandgerði, Suðurnesjabæ. Þar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir, 64 fermetrar þær minnstu og upp í 94 fermetra þær stærstu. Verðið er frá 46,9 milljónum króna. Íbúðirnar eru hannaðar inn í hlutdeildarlánakerfið. Halldór segir að Bárusker 2 sé álitlegur kostur til búsetu.

Íbúðirnar afhendast fullbúnar með vönduðum innréttingum ásamt gólfefnum. Í eldhúsi fylgja auk eldaveilar bæði ísskápur og uppþvottavél. Svalir eru út frá stofu íbúða á efri hæðum. Séráfnatösvæði er út af stofu með íbúðum á jarðhæð. Íbúðirnar eru hannaðar til að hámarka náttúrulega birtu og nýtingu fermetra innan íbúða. Bílastæði eru á lóð og gert er ráð fyrir nokkrum fjölda hleðslustæða.

Bárusker er í nýju hverfi með alla þjónustu í næsta nágrenni. Skóli, verslun og þjónusta er í næsta nágrenni auk þess sem Suðurnesjabær hyggst í náinni framtíð byggja nýjan leikskóla við götuna rétt fyrir neðan Bárusker 2.

Erfitt fyrir ungt fólk að komast inn á fasteignamarkað

Staðan á fasteignamarkaði fyrir ungt fólk sem vill yfirgefa foreldrahús eða leigumarkað er erfið.



Halldór segir að foreldrar þurfi helst að vera þokkalega vel fjáðir til þess að geta mögulega hjálpað börnunum með fyrstu kaup. Það sé erfitt að komast í gegnum greiðslumat og þá koma foreldrar og ættingjar til skjalanna með sitt framlag inn í fasteignakaupin. Þetta sé staðan víða á markaðnum. Í raun sé fasteignamarkaðurinn á Suðurnesjum áskorun fyrir alla. Það sé vilji allra að markaðurinn sé sem fjölbreyttastur og að kaupendur spanni alla flórana. Að þar séu einstaklingar sem skili góðu útsvari til sveitarfélagsins í bland við þá sem þurfa meiri þjónustu eins og leikskóla og þess háttar. Það sé gert með því að bjóða upp á góða blöndu af húsnæði, þannig að íbúasamsetningin sé þannig að auðveldara sé að reka samfélagið. Ákveðinn íbúahópur kallar á meiri þjónustu en aðrir.





Elsku hetjan okkar,

SANDRA ÞORSTEINSDÓTTIR
Skólavegi 8, Keflavík,



Iést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi fimmtudaginn 20. febrúar.

Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 28. febrúar klukkan 12. Upphaldslitur Söndru var bleikur og þætti aðstandendum vænt um, ef hægt er, að viðstaddir myndu bera eitthvað bleikt við útförina.

Katrín S. Guðjónsdóttir	Jóhannes Ellertsson
Þorsteinn Ólafsson	Guðný Eiríksdóttir
Sólveig Þorsteinsdóttir	Magnús Þór Þórisson
Halla Þorsteinsdóttir	Bernhard S. Bernhardsson
Stella Maris Þorsteinsdóttir	
Birna Helga Jóhannesdóttir	Frederik Rasmussen

DEKKJAHÖLLIN

Starfsmaður á nýtt hjólbarða- verkstæði í Reykjanesbæ

Dekkjahöllin óskar eftir að ráða þjónustulundaðan starfsmann á nýtt hjólbarðaverkstæði sem opnar fljótlega í Reykjanesbæ. Um er að ræða framtíðarstarf í líflegu og skemmtilegu umhverfi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Vinna við hjólbarðapjónustu og önnur tilfallandi störf
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur
- Samviskusemi og stundvísi
- Reglusemi og snyrtimennska
- Íslensku kunnátta skilyrði
- Gilt bílpróf
- Aldurstakmark 18 ár



Nánar á alfred.is



ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



F Ð Ú R U Ð G E R B A N Í T A
 É D I N N A L G Ð Ö Ð R E I S
 B E Ð H E D H Ú R U T Æ R E N
 M Ð Ö G K Í R A K A B Ó D Ð I
 A J Ð S Æ A D E Ö S J R Ö M G
 S E H I V R E J K T Ú F Æ S Ú
 U T S A T A F S S O G D L E M
 A S U L F S R U Y S Ó N Ú G R
 L A J I Æ Ö L T M A G S A U Æ
 U R K F S G R Æ S É J K T S B
 F A E U E N B E A E Á Æ M N I
 Ú R T R B S G T Æ J N P Á P T
 H G G S R U F O K E B G F O A
 F Ö T Æ L N G A R L A K I V L
 L Ð Ö L T S E R B H E L G U R

LÖGREGLUSTJÓRI
 ELDGOS
 RÆTUR
 SVARTSENGI
 VARÚÐ
 SEGULL
 VOPN
 HÚFULAUS
 BAKARÍ
 BREGÐUR

HROGN
 LIFUR
 NÆTUR
 DÆMI
 ÖGRAR
 ATAST
 FRÆGB
 GLANNI
 LATIBÆR
 SÆR

Gangi þér vel!

Febrúar stefnir í að enda vel

Jafn mikið og febrúarmánuður byrjaði mjög illa, sérstaklega gagnvart veðrinu því það var bræla svo til alla fyrstu vikuna í febrúar, þá stefnir í að mánuðurinn endi mjög vel.

Núna síðustu vikuna hefur veður verið mjög gott og bátar hafa komist nokkuð duglega á sjóinn.

Veiðin hjá bátunum er líka búinn að vera góð, sérstaklega hjá línu-bátunum sem hafa komið með fullfermi í land svo til daglega.

Við skulum samt byrja á minnstu bátunum, færabátunum en þeir gátu komist út og var veiðin hjá þeim nokkuð góð. Guðrún GK var með 4,8 tonn í þremur róðrum og þar af 2,1 tonn í einni löndun, uppistaðan í þessum afla var þorskur en Guðrún GK er með smá þorskvóta.

Agla ÍS er með 3,1 tonn í fjórum róðrum og mest 1,6 tonn, mest af þessu er ufsi. Dímon GK 1,9 tonn í tveimur róðrum og er þorskur af því 1,2 tonn. Síðan voru tveir bátar sem hófu veiðar og var það Sella GK sem kom með 185 kíló í einni löndun, og Huld SH sem kom með 921 kíló í einni löndun. Huld SH er með um 30 tonna kvóta og undanfarin ár hefur báturinn komið til Sandgerðis og klárað kvótann sinn, í mars árið 2024 þá moka veiddi Huld SH og komst upp í það að landa tvisvar sama daginn, um 5,4 tonnum en báturinn ber rétt um 3 tonn.

Línubátarnir hafa verið margir og mikið hefur verið um að vera í Sandgerðishöfn, þar hefur til dæmis Hulda GK landað 53 tonnum í sjö róðrum og mest 10,9 tonn. Óli á Stað GK með 168 tonn í tólf og mest 24 tonn í einni löndun, Fjöltnir GK 166 tonn í þrettán róðrum og mest 18,5 tonn í einni löndun, reyndar er mesti dagsaflí Fjöltnis GK 28,5 tonn á einum degi, því að báturinn þurfti að tvílanda þann daginn.

Margrét GK 119 tonn í tólf og mest 17 tonn. Vésteinn GK 110



AFLAFRÉTTIR

Gisli Reynisson
 gisli@afllafrettir.is



tonn í níu og mest 21 tonn. Auður Vésteins SU 100 tonn í átta en báturinn var síðasti báturinn sem Einhamar ehf á, sem kom suður frá Stöðvarfirði.

Hópsnes GK 96 tonn í tólf róðrum og má geta þess að báturinn er búinn að róa mjög stíft núna því hann er búinn að fara í níu róðra á níu dögum og hefur landað í þessum róðrum rétt um 80 tonnum, reyndar er rétt að hafa í huga að löndun númer átta og níu, allur afli var ekki kominn inn fyrir þær landanir. Dúddi Gisla GK er með 64 tonn í átta róðrum.

Stóru línubátarnir tveir, hafa líka veitt vel, Páll Jónsson GK er kominn með 395 tonn í þremur túrum og mest 134 tonn og Sig-hvatur GK 420 tonn í þremur, mest 151 tonn. Þessir tveir hafa verið

með línuna utan við Grindavík, utan við Sandgerði og síðan hefur Sighvatur GK verið inn í Faxaflóa sunnan megin við Snæfellsnesið.

Hjá netabátunum hefur veiðin verið góð og sérstaklega hjá stóru netabátunum. Friðrik Sigurðsson ÁR er kominn með 129 tonn í fimmtán róðrum og Erling KE 187 tonn í tólf róðrum. Bátarnir hafa verið með netin svo til á sömu slóðum allan febrúar. Voru fyrst í Faxaflóa, síðan utan við Stafnes, og hafa núna verið út af Garðskaga með netin.

Hjá dragnótabátunum þá er Aðalbjörg RE hæst af bátunum í Sandgerði og er með 103 tonn í tíu róðrum. Maggý VE með 95 tonn í ellefu og Sigurfari GK 82 tonn í átta, þar af 34 tonn í einni löndun.

Í Njarðvík þá hefur Klettur ÍS verið að landa og er kominn með 7 tonn í tveimur róðrum en Klettur ÍS er að veida sæbjúgu og hefur verið á veiðum norður af Garðskaga.



Stúlka fædd 20. febrúar 2025 á ljósmæðravakt HSS. Foreldrar eru Ivana Mokranova og Milos Mokran. Þau eru búsett í Reykjanesbæ. Þyngd: 3.826 grömm. Lengd: 51 sentimetrí. Ljósmóðir: Rut Vestmann.

Bíla viðgerðir
Smurpjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið:
11-13:30
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //



NÝJAR ÍBÚÐIR Í VAXANDI HVERFI!



Dreymir þig um bjarta, nútímalega og viðhaldsléttu íbúð á frábærum stað? Að Báruskeri 2 finnur þú 11 vandaðar íbúðir hannaðar til að hámarka birtu, nýtingu og þægindi. Hludeildarlán í boði.

- Fullbúnar íbúðir með vönduðum innréttingum
- Gólfefni fylgja – engin aukakostnaður
- Svalir eða sérafnotasvæði með hverri íbúð
- Rafbílahleðsla – tengimöguleiki til staðar
- Viðhaldslétt hönnun – hagkvæmur rekstur
- Stutt í skóla, verslanir og þjónustu
- Nýr leikskóli í hverfinu á leiðinni

Íbúðir tilbúnar til afhendingar. Ekki láta þessa frábæru eign fram hjá þér fara! Hafðu samband halldor@skeifan.is og tryggðu þér nýja heimilið þitt í dag!

Halldór Sigurðsson / Löggiltur fasteignasali - Fasteignasalinn ykkar / Sími: 618-9999 / halldor@skeifan.is

Samruninn mun styrkja rekstrarstöðu Samkaupa

■ Stjórnir Heimkaupa og Samkaupa undirrita samrunasamning

„Ég er mjög ánægður með þessa niðurstöðu eftir vinnu síðustu missera. Ég er sannfærður um að sameinað félag eigi eftir að gera góða hluti til hagsbóta fyrir neytendur,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, forstjóri Samkaupa, en stjórnir félaganna Samkaupa og Heimkaupa hafa undirritað samrunasamning sem byggir á samkomulagi sem félögin undirrituðu þann 18. desember 2024 um helstu skilmála vegna samruna félaganna. Áreiðanleikakönnun er lokið og er undirritun samnings bindandi. Samruni félaganna er enn háður fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og endanlegt samþykki hluthafafunda beggja aðila. Samrunatilkynning hefur verið send til Samkeppniseftirlitsins.

Samkaup er yfirtökufélagið og sameinast þar með öllum einingum Heimkaupa á dagvörumarkaði og greiðir fyrir þau með útgefnu hlutafé í Samkaupum. Hluthafar Heimkaupa eignast þar með rúmlega 10% hlutafjár í sameinuðu fé-



lagi. Fyrir viðskiptin er Skel eigandi að 6% eignarhlut í Samkaupum í gegnum eignarhaldsfélag. Eignarhlutur SKEL í sameinuðu félagi verður rétt undir 14%. Hluthafasamkomulag meðal stærstu hluthafa í Samkaupa gerir ráð fyrir skráningu félagsins á hlutabréfmarkað.

Gunnar Egill Sigurðsson, forstjóri Samkaupa:

„Samruninn er í samræmi við framtíðarstefnu Samkaupa og felur í sér margvísleg tækifæri til vaxtar. Samruninn mun styrkja rekstrarstöðu Samkaupa til lengri tíma lítið en við væntum töluverðar samlegðar í samruninum.“

Nettó hefur verið í góðri aukningu undanfarið með breyttri verðstefnu og með stækkun verslanansins mun staða Nettó styrkjast enn frekar. Viðskiptavinir okkar munu að sjálfsögðu njóta góðs af þessum tækifærum.

Verslanir okkar á landsbyggðinni, Nettó, Kjörbúðir og Krambúðir, leika lykilhutverk í framtíðarsýn Samkaupa. Birgðakerfi okkar gerir okkur kleift að flytja vörur milli landshluta ódýrar en nokkur annar aðili og með innkomu verslana Heimkaupa í samstæðuna sjáum við afar spennandi möguleika til vaxtar og nýrra tækifæra“



Stakkavíkurvöllurinn var grænn og fallegur eftir slátt sumarið 2024. VF/Hilmar Bragi

Golfklúbburinn vill slá Stakkavíkurvöllinn

Lagt hefur verið fram tilboð frá Golfklúbbi Grindavíkur um umhirðu knattspyrnuvalla Grindavíkurbæjar sumarið 2025. Bæjarstjórn Grindavíkur felur sviðsstjóra frístunda- og menningar sviðs að vinna málið áfram.

Knattspyrnudeild Grindavíkur hefur skráð heimavöll fyrir Lengju-deildina í knattspyrnu karla næsta sumar á Stakkavíkurvöllinum í Grindavík.

Fullur skilningur á erfiðri stöðu lóðahafa í Grindavík

Fyrirspurn um skipulagsmál varðandi Fálkahlíð 4 og 6 í Grindavík var tekin fyrir á síðasta fundi bæjarstjórnar Grindavíkur. Lagt fram bréf frá Lögbók sf. fyrir hönd Lagnaþjónustu Þorsteins, dagsett 20. desember 2024.

Bæjarstjórn Grindavíkur lagði fram bókun en þar segir:

„Fullur skilningur er á því, af hálfu Grindavíkurbæjar, að lóðahafi sé í mjög erfiðri stöðu og að þörf sé á skýrum svörum um hvort honum verði yfirleitt heimilt að ljúka húsbyggingu á

umræddum lóðum að Fálkahlíð 4 og 6.

Bæjarstjórn telur ekki mögulegt að taka endanlegar ákvarðanir um nýtingu eða mögulegt bann við nýtingu einstakra byggingarlóða fyrr en niðurstaða bráðabirgðahættumats og hættukort fyrir bæinn liggur fyrir.

Bæjarstjórn leggur áherslu á að vinna við gerð hættumats hefjist sem fyrst og liggja fyrir eins fljótt og mögulegt er. Óhjákvæmilegt er þó að verkefnið muni taka nokkurn tíma.“



Bestu briddsáttar kepptu á Reykjanesmóti

Reykjanesmótið í sveitakeppni í bridds var spilað laugardaginn 22. febrúar í húsnæði Hrafnistu að Nesvöllum 4 í Reykjanesbæ. Sautján sveitir mættu til leiks og spiluðu sjö umferðir með átta spila leikjum eftir svokölluðu Monrad kerfi.

Reykjanesmeistarar varð sveitin SLAM en hana skipuðu pörin Svala Kristín Pálsdóttir - Aðalsteinn Jörgensen og Ljósbrá Baldursdóttir - Matthías Gísli Þorvaldsson.

Briddsinn hefur verið að lifna við aftur hér á Suðurnesjum og tók góður hópur spillara úr félagsstarfi aldraðra í Reykjanesbæ þátt í mótinu.



Sjá mátti nokkra Suðurnesjabriddsára. Hér er einn til hægri sem „klessti“ ljósmyndara VF en hver er maðurinn?



HSS

HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURNESJA

Samfélagsleg ábyrgð

VILTU TAKA ÞÁTT Í UPPBYGGINGU Á HSS?

Leitað er eftir áhugasömum einstaklingum með frumkvæði, faglegan metnað og jákvætt hugarfar.

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja veitir íbúum Suðurnesja fyrsta og annars stigs heilbrigðisþjónustu.

Framundan er víðtæk uppbygging sem byggir á stefnu stofnunarinnar til ársins 2030.

Við auglýsum eftir:

- Hjúkrunarfræðingum
- Lifeindafræðingum
- Sálfræðingum
- Félagsráðgjafa
- Ljúbjálfa
- Sjúkraþjálfara
- Ljósmyndara

Kynntu þér málið hér: <https://island.is/starfatorg>
Leitarorð: Heilbrigðisstofnun Suðurnesja





Mögnuð upplifun að keyra hægafara ja

Vinnudagur verkafólks í Grindavík er í mörgum tilvikum frá u.þ.b. 7:30 til 15:30 og allt eftir það er yfirvinna, sjaldnast unnið um helgar en það kemur þó fyrir. Vinnudagur og vinnuvika Sigurbjörns Ingvarssonar hefur verið talsvert lengri síðan skömmu eftir að jarðhræringarnar við Grindavík hófust í nóvember 2023. Fljótlega var farið í stórkostlegar mótvægisáðgerðir þar sem varnargarðar risu á undraskömmum tíma við Svartsengi og svo við Grindavík.

VF GRINDAVÍK

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



Sibbi eins og hann verður kallaður í þessari grein, var einmitt staddur á bakvakt helgina örlagaríku í janúar 2024 þegar annað eldgosið á Sundhnúkagígargöðinni hófst. Hann og aðrir starfsmenn máttu hafa sig alla við að bjarga tækjum sem sum eru metin á hundruðir milljóna króna en til eru mögnuð myndbönd af þessum björgunarleiðangri þar sem einungis nokkrir metrar voru í glóandi hraunið. Sibbi þurfti ekki að hafa kveikt á hitanum inni í jarðýtunni sem hann stjórnar á þeim tímamarki en sú græja er „ekki nema“ 75 tonn að þyngd og er þó ekki þyngst, ein ýtan vegur heil 115 tonn!

Sibbi vissi fljótlega hvert hans leið myndi liggja á atvinnubrautinni, hann er frá Þorlákshöfn en býr í dag á Selfossi, þaðan sem konan hans er. Það er varla að hann viti hvað enski boltinn er en er sem Þorlákshafnarbúi, mikill áhugamaður um körfuknattleik. Áhugamálin hafa þó alltaf snúist um mótorsport og vélar almennt. Hann var byrjaður að keyra traktor í sveitinni sem þjakkur og ekki kæmi á óvart ef hann hafi stolist á vinnuvélum áður en tilskildum sautján ára bílprófsaldri var náð.

„Ég var ekki gamall þegar áhugi á alls kyns vélum heltók mig og því þurfti ekki að koma á óvart að leið mín á atvinnubrautinni lægi í þá átt. Ég var á átjándra ári þegar ég var byrjaður að vinna á stórum vinnuvélum og í dag vinn ég hjá Ingileifi Jónssyni ehf. og hef verið hjá honum síðan 2007.“

Maður þarf að sjálfsgöðu að vera með meiraprófið, fara á vinnuvélanámskeið en svo fær maður ein-



faldlega þjálfun hjá einhverjum sem hefur reynslu og hefur auk þess réttindi til að kenna á viðkomandi tæki. Ég er með slík réttindi, fæ oft nemendur upp í ýtuna hjá mér og þá er ekkert annað að gera en læra á stjórnstakka og æfa sig. Ég taldi mig vera nokkuð vel lærðan í þessum fræðum en er búinn að læra helling af öðrum reyndari ýtumönnum.

Það hefur alltaf verið nóg að gera hjá okkur hjá Ingileifi Jónssyni, við vorum lengi með snjómokstur á Helliheiði og í Þrengslunum og höfum verið með jarðvinnu og vetrarþjónustu fyrir Orku Náttúrunnar á Helliheiði og Nesjavöllum, auk annarra svæða. Auðvitað sá enginn þetta fyrir hér í Grindavík í kjöl-

farið á hamförunum en það var vitað að fyrirtækið ætti stórvirkar vinnuvélar og ég fylgdi minni jarðýtu til Grindavíkur og hef verið hér meira og minna síðan 16. nóvember 2023. Það var unnið á vöktum allan sólarhringinn til að byrja með og það var gaman að sjá hversu fljótt garðarnir við Svartsengi risu. Strax eftir jólafríð keyrði ég svo ýtuna mína yfir Grindavíkurveginn og við vorum byrjaðir fljótlega í janúar að reisa garðana austan við Grindavík. Sem betur fer vorum við komnir vel af stað þegar eldgosið hófst sunnudaginn 14. janúar og nokkuð ljóst að garðarnir sem voru komnir upp þá björguðu mjög miklu. Við gátum eðlilega ekki varist hrauninu sem



Ég mun aldrei gleyma þessum augnablikum að vera keyra hægafara vinnuvél, þennan morgun fór ég bæði með gröfu og búkollu af garðinum og glóandi hraun var það nálægt að hitinn nánast bræddi það sem var inni í stýrishúsinu í gröfunni.

komst í sprungu undir garðana og opnaðist svo rétt fyrir utan Grindavík, það var ömurlegt að horfa upp á það en eins og ég segi, við gátum ekkert gert í því.“

Björgunarleiðangur um miðja nótt

Sibbi var ræstur rúmlega þrjú aðfaranótt sunnudagsins 14. janúar, hann gleymir ekki ræsingunni

þessa örlagaríku nótt og brunaði Suðurströndina til Grindavíkur.

„Við söfnuðumst saman í vinnubúðum sem við höfum í Svartsengi þegar við komum á svæðið og biðum þar í skjálftum og hræringum þar til gosið byrjaði. Þetta er talsverður spotti þaðan sem vinnuvélnar allar voru, að Grindavíkurvegi. Þetta hafa verið á bilinu tíu til tuttugu vélar, allt frá stærstu ýtu landsins sem vegur 115 tonn, yfir í Búkollu-vörubíla. Ég fór tvær ferðir og ég neita því ekki, ég mun aldrei gleyma þessum augnablikum að vera keyra hægafara vinnuvél og glóandi hraun var það nálægt að hitinn nánast bræddi það sem var inni í stýrishúsinu! Það er nokkuð ljóst að þessi björgunarleiðangur bjargaði verðmætum sem eru fljót að hlaupa upp í milljarða! Ég á myndbönd af þessum aðgerðum og mun alltaf varðveita þau,“ segir Sibbi.

Langur vinnudagur, og -vika

Vinnuvika verkafólks telst vera 40 klukkustundir. Fólk í alls kyns þjónustu og verslun vinnur 35 tíma vinnuviku. Öll vinna umfram þennan klukkustundafjölda telst til yfirvinnu og vinna um helgar flokkast að sjálfsgöðu þar undir. Hér áður fyrr var miðað við tvo





Ég lít á þetta sem alger forréttindi og heiður, að fá að eiga þátt í að bjarga svona fallegu bæjarstæði og -félagi eins og Grindavík er.



Þróýtu með glóandi hraun skammt frá



fékk lofthæðslusting í magann þegar hann sá risastóra ýtu efst í því sem eftir er af Lágafellinu og hélt að hún ætlaði að húrri niður! „Þetta er ekkert, þetta er mín vinna. Ég fer á ýtunni minni upp, „rippa“ upp jarðveginn en það má líkja því við að vera með plóg að plægja akur. Ripperinn er aftan á ýtunni og þegar ég er búinn að rippa, sný ég mér við og ýti efninu fram af fellinu og það hrynur alla leið niður og er mokað þaðan upp á vörubíla sem flytja það í garðana. Þegar vinnan við garðana hófst var fyrst tekið efni úr Melhól-anámu en á síðasta ári færðum við okkur hingað yfir og eins og sést þá er búið að taka gifurlegt magn

af efni héðan. Við erum búnir að vera hækka garðana við Svartsengi og austan við Grindavík og þessari törn er að ljúka en svo vitum við auðvitað ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér en eitt er víst að við verðum við öllu búinir. Ég lít á þetta sem alger forréttindi og heiður, að fá að eiga þátt í að bjarga svona fallegu bæjarstæði og -félagi eins og Grindavík er. Ég held að það blasi við að ef þessir garðar hefðu ekki risið, væri Grindavík jafnvel öll komin undir hraun og það mátti alls ekki gerast. Ég mun alltaf muna eftir Grindavík og mér mun alltaf þykja vænt um Grindavík og Grindvíkinga,“ sagði Sibbi að lokum.



kaffitíma, 30 mínútur hvor og klukkustundar matarhlé. Þásur eru þarna inn á milli. Vinnutími Sibba og félaga hefur verið talsvert meiri. „Ég er mættur upp í ýtuna mína á slaginu átta, sem þýðir að ég stilli vekjaraklukkuna á sex en við erum tveir sem keyrum saman frá Selfossi. Við getum tekið með okkur nesti sem okkur er skaffað en við yfirgefum vinnuvélina ekki fyrr en hálf eitt þegar við fáum 30 mínútna neysluhlé. Svo er haldið áfram sleitulaust til klukkan sjö um kvöld þegar unnið er á vöktum og þá einfaldlega keyrt heim til fjölskyldunnar, eytt tíma með henni og lagst til hvílu en ég á kærustu og þrjú börn. Undanfarnar vikur höfum við unnið laugardaga líka en fengum frí á sunnudegi. Þá daga var maður ekki líklegur til stórræða, konan hafði vit á að

vera ekkert að reyna draga mig í Kringluna eða Smáralind fyrir jólin. Þetta er búið að vera mikið álag og maður þarf að hvíla lúnu beinin sín. Síðasti laugardagur var sá fyrsti í langan tíma sem ekki var vinna og það var fín tilbreyting, ég neita því ekki. Við erum búnir með þetta verkefni núna en þó verður unnið áfram hér í Lágafelli við að lagera okkur upp fyrir næsta viðburð, það þýðir ekki að byrja reisa varnargarða með ekkert efni til-tækt.“

Ekki fyrir lofthædda

Það var magnað að standa með nafna sínum við Lágafell, já eða réttara sagt, því sem eftir stendur af því! Viðtalið fór að mestu fram undir berum himni en þar stóð áður eitt stykki fell! Blaðamaður





Elska að sinna heldra fólkinu

■ **Eru ríkari vegna samskipta við okkar besta fólk**

„Um leið og við byrjuðum að vinna hér á Nesvöllum fundum við að þetta hentaði okkur og við erum samhlíða í sjúkraliðanámi,“ segja stöllurnar Birgitta Sól Bjarnadóttir og Júlía Steinunn Jóhannsdóttir, starfsmenn á Hrafnistuheimilinu að Nesvöllum í Reykjanesbæ. Þær una hag sínum mjög vel innan um heldra fólkið sem ver síðustu æviárum sínum á staðnum og þær hvetja allt ungt fólk til að prófa að vinna þetta starf sem margir vilja meina að sé vanþakklátt og oft á tíðum frekar illa launað. Birgitta og Júlía eru eins og svampar má segja, þær drekka í sig reynslu gamla fólksins og myndu ekki vilja vinna neitt annað starf.

VIÐTALID

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vt.is



Vinkonurnar eru báðar frá Sandgerði. Birgitta, sem er tvítug, býr þar ennþá en Júlía, sem er tveimur árum eldri, býr í Njarðvík.

„Ég var búin að vinna ýmislegt áður en ég byrjaði að vinna hér á Nesvöllum en um leið og ég byrjaði fann ég að þetta myndi eiga vel við mig og áhuginn á starfinu hefur verið mjög mikill síðan þá,“ segir Birgitta og hélt áfram:

„Ég var byrjuð í FS, fór svo út á vinnumarkaðinn en eftir að ég byrjaði að vinna á Nesvöllum fann ég að ég vildi bæta sjúkraliðamenntuninni við mig og mun útskrifast bæði sem sjúkraliði og stúdent. Þetta fer mjög vel saman, ég er í 80% starfi og vinn frá átta á morgnana til fjögur á daginn, svo er skólinn seinni partinn fram á kvöld, mánudaga til miðvikudaga. Það eru mörg atvinnutækifæri sem koma í kjölfarið af sjúkraliðanámi, ég get unnið á sjúkrahúsi, verið í heimahjúkrun, unnið á barnaspítala og ýmsu öðru. Ef ég myndi vilja verða hjúkrunarfræðingur þá krefst það háskólanáms og eins og er, hef ég ekki áhuga á því en maður veit aldrei hvað framtíðin ber í skauti sér. Kannski mun ég einhvern tíma fá áhuga á því og þá er gott að vera búin með sjúkraliða-



námið og stúdentspróf er auðvitað skilyrði til að komast í háskóla. Sjúkraliðinn getur tekið alls kyns námskeið til að bæta við kunnáttu sína og þá getur maður tekið fleiri verkefni að sér en ég er mjög sátt í núverandi starfi, að vinna með gamla fólkinu og mun halda áfram að vinna hér,“ segir Birgitta.

Hugmyndin að viðtalinu fæddist þegar blaðamaður kíkti í heimsókn á móður sína þegar þorablót Nesvalla var haldið. Blaðamaður dáðist að starfi vinkvennanna og annarra sem sinntu heldra fólkinu þetta tiltekna hádegi. Ástand íbúa er mjög misjafnt en allir þurfa á mikilli aðstoð starfsfólks að halda. Í dag er líklega á milli 80-90% íbúa á

hjúkrunarheimilum með einhvers konar heilabilun.

Þarna sá blaðamaður svo skýrt hvernig lífshringurinn er, við fæðumst öll og erum algerlega upp á aðstoð annarra komin, og margir enda sitt líf eins og það hófst, hjálpar þurfi.

Hjálpa okkar besta fólki

Júlía Steinunn er sammála Birgittu vinkonu sinni, hún myndi ekki vilja skipta þessari lífsreynslu fyrir neitt, það að vinna við að hjálpa okkar besta fólki. Hún hvetur alla til að prófa slíka vinnu.

„Mér finnst þetta virkilega gefandi starf en vissulega getur það

líka verið mjög krefjandi. Fljótlega lítur maður á fólkið sem fjölskyldu manns og eðli málsins samkvæmt deyr gamalt fólk, fólk sem maður hefur kynnst og byggt yndislegt og sterkt samband við. Það reynir mjög mikið á en er hluti af starfinu sem gengur út á að aðstoða fólk við nánast allar þeirra athafnir. Flestir íbúanna þurfa mikla aðstoð við athafnir daglegs lífs svo sem að þvo sér, klæða sig og nærast. Við starfsfólkið undirbúum morgunverð og aðstoðum íbúana okkar á fætur svo þau geti fengið sér næringu og tekið þátt í sjúkra- og iðjuþjálfun, og þeirri virkni sem fram fer á heimilinu.

Við höfum verið spurðar að því hvort þetta sé ekki mun erfiðara en að hugsa um ungabörn og vissulega er þetta öðruvísi en þetta venst strax. Það sem íbúar okkar hafa umfram ungabörn er öll sú reynsla sem þau hafa gengið í gegnum á lífsleiðinni og hefur markað þau á ákveðinn hátt. Okkur finnst ekkert mál að vinna þessi verk og þau komast einfaldlega upp í vana. Ég lít miklu frekar á þetta sem forréttindi, að fá að umgangast þetta fólk sem er allt með mikla lífsreynslu á bakinu, hefur frá ótal hlutum að segja og mér líður stundum eins og ég sé svampur, ég reyni að drekka í mig alla þeirra visku. Þegar við erum í frí þá komum við oft hingað í heimsókn til fólksins, þau eru orðin vinir manns og mér þykir afskaplega gaman og gefandi að setjast niður með þeim og hlusta á þau og tala við. Ég fer alltaf ríkari manneskja út af Nesvöllum en þegar ég kom.

Við erum oft spurðar út í launin, þetta hentar okkur vel með skóla en auðvitað finnst manni þínulítið sorglegt að svona umönnunarstörf þar sem verið er að hugsa sem best um fólkið sem tók þátt í að byggja upp landið okkar, sé ekki metið af

meiri verðleikum en t.d. að vinna í banka og telja peninga. Þetta segi ég með fullri virðingu fyrir bankastarfsfólki en að mínu mati ætti að borga mun hærri laun til þeirra sem hugsa um ungabörnin okkar í leikskóla, kenna börnunum okkar í skóla og hugsa svo um eldra fólkið okkar. Við hljótum að geta gert betur en þetta. Okkur finnst fram að okkur finnst mikilvægt að allir prófi að vinna svona vinnu, maður öðlast svo dýrmæta og góða reynslu auk þess að þroskast mjög mikið sem manneskja. Við erum mjög ánægðar hér á Nesvöllum og hlökkum ávallt til að mæta í vinnuna og sinna okkar besta fólki,“ sagði Júlía Steinunn að lokum.

”

Við höfum verið spurðar að því hvort þetta sé ekki mun erfiðara en að hugsa um ungabörn og vissulega er þetta öðruvísi en þetta venst strax. Það sem íbúar okkar hafa umfram ungabörn er öll þau reynsla sem þau hafa gengið í gegnum á lífsleiðinni og hefur markað þau á ákveðinn hátt.



Helgi Arnarsson, sviðsstjóri menntasviðs, Helga Hildur Snorraddóttir, skólustjóri Holtaskóla og Haraldur Axel Einarsson, grunnskólafulltrúi.

Metnaðarfullar framkvæmdir í Holtaskóla ganga vel

Holtaskóli hefur verið hjarta skólasamfélagsins í Reykjanesbæ í áratugi. Þar hafa ótal kynslóðir nemenda lært, leikið sér og skapað minningar. Vorið 2022 hófst metnaðarfullt verkefni þar sem skólinn var lokaður tímabundið, vegna rakaskemmda, til að ráðast í umfangsmiklar endurbætur.

Í kjölfarið þurfti að flytja starfseminna yfir í önnur húsnæði, þar á meðal íþróttahúsið, Hljómahöll, Keili og húsnæði á malarvellingum. Þetta var mikil áskorun fyrir nemendur, kennara og starfsfólk, sem sýndu mikla seiglu og aðlögunarhæfni á þessum krefjandi tímum. „Starfsfólk skólans sem og nemendur eiga heiður skilinn fyrir seiglu, þolinmæði, útsjónarsemi og jákvæðni í mjög svo krefjandi aðstæðum. Sama á við um alla þá sem tóku á móti okkur með opnum örmum og gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að við gætum hafid skólustarf á nýjum stöðum,“ segir Helga Hildur Snorraddóttir, skólustjóri Holtaskóla.

Til að bregðast við aðstæðunum hófust framkvæmdir við endurbýggingu skólans með það að markmiði að bæta aðstöðu og tryggja öruggt og nútímalegt námsumhverfi. Nú hafa framkvæmdir gengið afar vel og annar áfangi var afhentur í byrjun janúar. Í honum eru átta kennslustofur, þar sem nemendur í 6. og 7. bekk eru á neðri hæð og Eikin á efri hæðinni. Skipulagið á neðri hæð hefur tekið miklum breytingum, þar sem gangurinn var færður og fjórar kennslustofur settar í stað tveggja fyrri stofa og heimilisfræðistofu. Skipulagið á efri hæðinni hefur að mestu haldist óbreytt en þar eru fjórar kennslustofur líkt og áður.

Líkt og á unglíngagangi hefur allt verið tekið í gegn, með nýrri hljóðvist og endurbættum að-



stæðum. „Það er bókstaflega allt nýtt, hljóðvistin einstök og breytingarnar einstaklega vel heppnaðar,“ segir Helga Hildur. Í lok febrúar verður kaffistofa starfsfólks færð tímabundið þar sem bókasafnið var áður, ásamt því að þrjú skrifstofurými bætast við. „Þetta verður mikil bylting fyrir okkur þar sem við höfum fram að þessu komið okkur fyrir á kaffistofunni,“ bætir Helga Hildur við. Hluti matsalsins verður einnig nýttur til að útbúa afdrep fyrir nemendur í 8.-10. bekk.

Í dag er Holtaskóli starfandi á tveimur stöðum – nemendur í 1.-5. bekk eru á malarvellingum en nemendur í 6.-10. bekk eru í Holtaskóla. „Það fer ágætlega um okkur í dag en við hlökkum mikið til að sameinast á ný og geta sinnt skólastarfi við kjöraðstæður þar sem öllum líður vel í leik og starfi,“ segir Helga Hildur.

Hönnun skólans hefur verið unnin með þarfir nemenda og

starfsfólks í huga. Áhersla hefur verið lögð á aðgengismál og að tryggja jafnræði fyrir alla. Skipulagið gerir einnig ráð fyrir fjölbreyttum kennsluháttum með felli-veggjum í stofum á yngsta stigi og einni stofu á unglíngagangi, sem gerir kleift að opna á milli rýma. Auk þess eru glerrými sem tengja kennslustofur og skapa betra flæði. Lagt hefur verið upp með að skapa framúrskarandi vinnuumhverfi með tilliti til litavals, hljóðvistar, loftræstingar og lýsingar. „Við erum afar spennt fyrir þessum breytingum og hlökkum til að nýta þessa nýju möguleika í kennslu,“ segir Helga Hildur að lokum.

Framkvæmdirnar eru ekki aðeins mikilvægar fyrir nemendur og starfsfólk skólans, heldur einnig fyrir samfélagið í heild. Með endurbótunum verður Holtaskóli fyrirmyndar skólaumhverfi sem styður við skapandi og fjölbreytta kennsluhætti, eykur vellíðan nemenda og starfsfólks og tryggir gott aðgengi fyrir alla. Þessar breytingar eru mikilvægar áfangi í þróun menntunar í Reykjanesbæ og tryggja að Holtaskóli verði áfram öflug menntastofnun fyrir komandi kynslóðir.

Hafnaðir þú Margrét Sanders?

Við, undirrituð, fulltrúar Kennarafélags Reykjanes, 9. deild Félags leikskólakennara (FL), Félags stjórnenda leikskóla (FSL) og Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, skorum á þig sem fulltrúa í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga að greina frá þinni afstöðu til innanhússtíllögu ríkissáttasemjara í kjaradeilu sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Í ljósi þeirrar grafalvarlegu stöðu sem er uppi í kjaradeilunni teljum við brýnt að afstaða fulltrúa sveitarfélaganna í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga sé algerlega ljós. Ummæli nýkjörins borgarstjóra, Heiðu Bjargar Hilmisdóttur, um að hún hafi stutt þá innanhússtíllögu sem ríkissáttasemjari lagði fram 20. febrúar, sýna að skýr svör eru nauðsynleg. Því krefjumst við þess að aðrir fulltrúar í stjórn sambandsins upplýsi um sína afstöðu.

Jafnframt viljum við lýsa yfir vonbrigðum okkar með þann skort á gagnsæi sem hefur einkennt ferlið hingað til. Kennarar og stjórnendur leikskóla eiga rétt á að vita hvort þeirra kjör og starfskilyrði séu tekin alvarlega af þeim sem hafa áhrif á niðurstöðu kjara-viðræðna.

Við krefjumst þess að þú sem stjórnarmaður SÍS upplýsir nú



þegar um afstöðu þína til tillögunnar sem lögð var fram af ríkissáttasemjara.

*Virðingarfyllt,
Páll Erlingsson,
formaður, fyrir hönd
Kennarafélags Reykjanes*

*María Petrína Berg,
fyrir hönd FSL*

*Fjóra Ævarsdóttir,
formaður 9. deildar, fyrir
hönd FL*

*Sigrún Gróa Magnúsdóttir,
trúnaðarmaður, fyrir hönd
Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.*



**STARFSMANNAFÉLAG
SUÐURNESJA**

SKILAFRESTUR VEGNA STJÓRNARKJÖRS 2025

Samkvæmt 7. grein laga Starfsmannafélags Suðurnesja, auglýsir uppstillinganefnd félagsins frest til að skila inn tillögum vegna stjórnarkjörs á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 8. apríl 2025.

Í kjöri er formaður í stjórn kosinn til fjögurra ára, einnig tveir aðalmenn í stjórn kosnir til tveggja ára og tveir varamenn kosnir til eins árs.

Tillögum skal skila til Uppstillinganefndar STFS, Krossmóa 4a Reykjanesbæ eigi síðar en 7. mars 2025. Tillögum skal fylgja: nafn, kennitala, starfsheiti, heimilisfang og heiti vinnustaðar þeirra sem tillagan er gerð um.

Tillögum skal fylgja skriflegt samþykki þeirra sem tillaga er gerð um.

Uppstillingarnefnd



Sandgerðingurinn Björgvin Guðjónsson hefur getið sér gott orð á sviði gervigreindar, sérstaklega þegar kemur að því að vinna með hljóð og mynd, hvort sem það eru kyrrmyndir eða hreyfimyndir. Björgvin hefur, svipað og leigubílstjórinn í Spaugstofunni um árið, starfað í auglýsingabransanum í tuttugu og fimm ár. Hann þekkir því vel til markaðsmála og vinnu við auglýsingagerð. Fyrir nokkrum árum vann hann að verkefni með forriturum og komst þá í alvöru kynni við möguleika gervigreindar. Nú er hann kominn á kaf í þá vinnu með dönskum félögum sínum og í sameiningu hafa þeir stofnað fyrirtækið Snilld. Nú skal haldið í viking með Snilld til Íslands og því var Íslendingurinn í hópnum gerður út til Íslandsfarar.



Sandgerðingurinn
Björgvin Guðjónsson
er að gera áhuga-
verða hluti með
Snilld í Danmörku

„Fyrir mér var gervigreindin ný heimssýn“

Björgvin flutti til Danmerkur góð-ærisárið mikla, 2007. Fylgdi eigin-konunni sem var að fara í nám og fjölskyldan hefur skotið rötum í Danaveldi þar sem Björgvin býr ásamt eiginkonu og þremur drengjum sem „plumma“ sig vel á Íslendingaslóðum í Óðinsvéum á Fjöni.

Orðinn hálfgerður sérfræðingur í dag

„Ég var áhugamaður um gervigreindina en ætli ég geti ekki sagt að ég sé orðinn hálfgerður sérfræðingur í dag á ákveðnu sviði þegar kemur að hönnunarhlutanum og vinnu með myndir og hljóð. Þetta var ekkert þekkt þegar ég hóf að vinna að verkefnum með þessum forriturum og mér þótti þetta bæði athyglisvert og skemmtilegt,“ segir Björgvin. Víkurfréttir tóku viðtal við hann fyrir Suðurnesjamagasín og er viðtalið í þætti vikunnar sem má nálgast á vef Víkurfréttanna.

Björgvin hefur verið að vinna með gervigreindina alveg frá því hún verður fyrst þekkt með ChatGPT. Hann vill þó ekki setja sig á stall með þeim sem hafa verið að vinna að þróuninni í mörg ár þar á undan. Hann segir þróunina mjög hraða og gervigreindin sé að læða sér inn í tæki fólks án þess að það veiti því mikla athygli. Hún sé komin í mörg þekkt forrit sem fólk notar dags daglega og þá er hún komin í síma fólks.

Starfið yrði aldrei aftur eins

„Fólk er ekki að opna augun eins miðað við þessu og ég gerði á sínum tíma. Fyrir mér var gervigreindin ný heimssýn. Ég gerði mér grein fyrir því að mitt starf yrði aldrei eins aftur,“ segir Björgvin.



Fyrir mörgum er ChatGPT gervigreindin, en hún er miklu meira en það?

„Já. Þetta er tungumálamódel, svo eru til ljósmyndamódel og videomódel líka. Svo vinnur þetta allt saman sem fjölmódel. Þú getur spjallað við þennan hugbúnað, tekið upp símann og sýnt gervigreindinni umhverfið þitt og hún greinir hvað hún sér.“

Björgvin tók sem dæmi að þegar viðtalið var tekið þá væri möguleiki á að sýna gervigreindinni myndverð þar sem upptakan fór fram og hún myndi þekkja myndavélarnar og hljóðnemana sem voru notaðir. „Þá getur gervigreindin leyst ýmis vandamál. Ef þú ert að gera við bílinn þinn. Þú getu kveikt á myndavélinni og byrjað að spjalla við gervigreindina um hvað er að hrjá bílinn. Það eru ýmsir notkunarmöguleikar sem fólk er ekki búin að uppgötva ennþá.“

Algjör Snilld

Björgvin og danskir félagar hans stofnuðu Snilld fyrir sjö eða átta

Nú eru allir í fyrirtækinu klárir í að sinna verkefnum með okkar lausn, sem er blanda af forritun og gervigreind, því gervigreindin er ekki lausn á öllum vandamálum en hún getur hraðað málum mjög mikið.

Við erum líka að vinna að markaðssetningu og það liggur vel við hjá mér þar sem ég hef verið að vinna að markaðsmálum í öll þessi ár og þekki það inn og út hvar hægt er að sjálfvirknivæða mjög mikið, hvort sem það eru námskeið eða annað hjá fyrirtækjum.

Svo erum við að forrita sjálfir okkar eigin lausnir, halda fyrirlestra og námskeið,“ segir Björgvin sem var nýbúinn að halda fyrirlestur á Íslandi þegar við ræddum við hann. Hann hafði í nógu að snúast í Íslandsheimsókninni í fyrirlesturum og námskeiðum fyrir auglýsingastofur.

AI_SCREAM þróaður með gervigreind

Björgvin og Snilld komu að skemmtilegu verkefni í Danmörku þar sem unnið var að vörubrúun með gervigreindinni. Þar var vara þróuð, umbúðir hannaðar og varan markaðssett, allt með aðstoð gervigreindar. Snilld var í samstarfi við Premier Is og þróaði nýjan ís sem fékk nafnið AI_SCREAM. Í viðtalinu við Björgvin í Suðurnesjamagasíni eru einmitt sýndar myndir frá því verkefni.

Gervigreindin sér um fréttahlutann á vef Snilldar. Þar skrifar hún fréttir um gervigreind og sækir heimildir í a.m.k. þrjár áttir, gerir myndefni með fréttunum, heldur úti eigin rýnihópi, vinnur eftir ströngum reglum um danska stafsetningu og sér svo um að dreifa fréttinni áfram á samfélagsmiðla, allt sjálfvirk, en þó undir vökulu auga starfsmanna Snilldar. Lausnin sem Snilld er að þróa þarna getur mögulega komið að notum víðar í sjálfvirknivæðingu í textagerð fyrir vefsíður.

Þeir félagar hjá Snilld vinna í gegnum internetið og hafa í raun engan fastan samastað. Þeir kjósa

að kalla sig Digital Nomads sem þýða mætti sem „stafrænir hirðingjar“. Björgvin segir þá duglega að heimsækja viðskiptavinum sína eða vinna á netinu „online“ eins og það kallast upp á engilsaxnesku. „Það stoppa okkur engin landamæri“.

Gróska í gervigreind á Íslandi

Björgvin segir mikla grósku á Íslandi í gervigreindinni og á sama tíma og hann komi til Íslands til að miðla því sem hann kann, þá vonist hann líka eftir því að læra eitthvað hér og taka með sér „heim“ til Danmerkur. Þróuin er gríðarlega hröð og það sem Björgvin lærði í gær er orðið úrelt í næstu viku. Hann segir líka að Íslendingar séu mjög móttækilegir fyrir nýrri tækni. Hún geti verið ógnvekjandi og það getur fyrir þeim möguleikum sem gervigreindin býður uppá. Það á svo margt eftir að koma og við erum bara rétt að sjá upphafið.

Ekki á leiðinni heim

Aðspurður segist Björgvin ekki vera á leiðinni aftur heim til Íslands. Hann hafi komið sér vel fyrir í Danmörku og þar unni fjölskyldan hag sínum vel. Ísland sé þó alltaf „heima“ í hans huga og hann sé ennþá íslenskur ríkisborgari. Hann hugsar ennþá á íslensku, skrifir mest á ensku en hefur oft staðið sig af því að blóta á dönsku og það sé mjög fyndið, segir hann.

Hann segir að það sé afslappaðra að starfa í Danmörku miðað við á Íslandi. Hraðinn sé mikill á Íslandi og hann hafi upplifað það í Danmörku að þar sé bankað í öxlina á honum ef hann sé að vinna fram eftir. Það sé ekki vel séð og ekki talið fjölskylduvænt. „Farðu heim, vinnudagurinn er búinn,“ var iðulega sagt á fyrstu árunum hans úti.

Nánar má sjá og heyra af verkum Björgvins í Suðurnesjamagasíni á vef Víkurfréttanna, vf.is.





SKÁLDASUÐ Ljóða- og listahátíð á Suðurnesjum

Skáldasuð er haldin í annað sinn í ár en það er ný ljóða- og listahátíð sem var fyrst haldin í fyrra suður með sjó. Hátíðin verður í Bíosal í Duushúsum í Listasafni Reykjanesbæjar dagana 6.–23. mars næstkomandi. Þessi litla ljóðahátíð er hugarfóstr myndlistarmannsins Gunnhildar Þórðardóttur sem er einnig ljóðskáld og kennari. Hátíðin hefst fimmtudag 6. mars kl. 17 með opnun á sýningunni Orð eru til alls fyrst með myndverkum eftir Jónu Hlíf Halldórsdóttur, Hönnu frá Jaðri, Samfélag fyrir öll (sjálfstætt verkefni Vena Naskrecca), Anton Helga Jónsson, Sigurlín Bjarneyju Gísladóttur, Sossu og Gunnhildi Þórðardóttur. Verkin á sýningunni tengjast öll texta á einn eða annan hátt og eru bæði tví- og þrívíð verk. Bæjarstjórinn Kjartan Már Kjartansson mun opna sýninguna og setja hátíðina.

Sama kvöld hefst fyrri ljóðaupplesstur Skáldasuðs eftir opnun en þar munu koma fram skáldin Krístrún Guðmundsdóttir, Anton Helgi Jónsson, Margrét Lóa Jónsdóttir, Draumej Aradóttir og Sigurlín Bjarney Gísladóttir.

Á seinna upplestrarkvöldinu 13. mars næstkomandi kl. 17 munu ljóðaskáldin Elías Knörr, Gunnhildur Þórðardóttir, Ægir Þór Jahnke, Valdimar Tómasson og Sigurbjörg Þrastardóttir stíga á stökk, sem fyrr mun upplesturinn fara fram í Bíosal Duushúsa.

Laugardag 15. mars kl. 12–14 verður svo haldin ljóðasmiðja fyrir börn og ungmenni með Gunnhildi Þórðardóttur en hátíðin er hugsuð fyrir börn jafnt sem fullorðna. Ljóðin úr smíðjunni verða til sýnis á Barnamennningarhátíð í Reykjanesbæ í apríl - maí.

Á meðan á hátíðinni stendur verða til sýnis ljóð í leiðinni í Sundlaug Keflavíkur, Vatnaveröld, Ljóðsaljóð í strætóskýlum bæjarins og Ljóðalabb þ.e. ljóð á ýmsum gönguleiðum um bæinn. Þar munu koma fram ljóðskáldin Garðar Baldvinsson aka Garibaldi, Guðmundur Magnússon, Ragnheiður Lárusdóttir, Guðmundur Brynjólfsson, Eygló Jónsdóttir og Eyrún Ósk Jónsdóttir. Þá mun verkefna-

stjóri vera með örljóðaupplesstur í heitum pottum daga 7. og 21. mars.

Gunnhildur Þórðardóttir er með MA í liststjórnun (2006), tvíhliða BA nám sagnfræði (listasögu) og fagurlistum frá Listaháskólanum í Cambridge UK (2003) og viðbótardiplómanám í listkennslu bæði fyrir grunn- og framhaldsskóla frá Listaháskóla Íslands (2019). Hún hefur starfað við kennslu síðan 2014 og starfað í rúm tíu ár fyrir listasöfn, bæði á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ. Hún hefur verið virkur myndlistarmaður í tuttugu ár og unnið trúnaðarstörf fyrir Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM) og félagið Íslensk grafik.

Hægt er að hafa samband á gunnhildurthordar@gmail.com eða í síma 898-3419

Hátíðin er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja og Reykjanesbæ.



FMS SANDGERÐI ÓSKAR EFTIR UMSÓKNUM Í ALMENNT STARF

Um er að ræða fullt starf við almenna afgreiðslu og þjónustu á starfsstöð.

Lyftararéttindi eru kostur en ekki skilyrði. Góð laun í boði.

Umsóknir sendist á einar@fms.is



Unnið að gerð framtíðar-sviðsmynda um Grindavík

Vegna eldsumbrotanna á Reykjaneskaga hafa stjórnvöld á liðnum misserum gripið til umfangsmikilla ráðstafana til þess að tryggja öryggi almennings og verja og tryggja virkni mikilvægra innviða. Þetta kemur fram á vef stjórnarráðsins.

Má þar helst nefna að mikill meirihluti íbúðarhúsa í Grindavík hefur verið keyptur af íbúum og margvíslegur húsnæðis- og fjárhagsstuðningur veittur til að tryggja sem best fjárhagslegt öryggi fólks á miklum óvissutímum. Bygging varnargarða gegn hraunflæði sem ógnar byggð og innviðum. Ýmis greiningarvinna til þess að styrkja viðnámsþrótt og viðbragðsgetu samfélags sem ógn

steðjar að. Sérstök framkvæmdanefnd stofnuð um málefni Grindavíkur til að fara með stjórn og samþæfingu aðgerða.

Verkefnum stjórnvalda vegna náttúruvár á Reykjaneskaga er hvergi nærri lokið og fyrirséð að þau muni taka mörg ár enn eða áratugi. Ríkisstjórnin hefur fjallað um ýmis mál tengd Grindavík og öryggi á Reykjaneskaga á fundum sínum og haldið fund í ráðherra-nefnd um málefni Grindavíkur.

Að loknum ráðherranefndarfundi þann 14. janúar sl. fól forsætisráðherra stýrihópi ráðuneytisstjóra í málefnum Grindavíkur að undirbúa frekari stefnumótun ríkisins fyrir ráðherranefnd. Hún felur m.a. í sér viðhorfskönnun meðal

þeirra sem bjuggu í Grindavík við upphaf hamfaranna. Mat á þörf fyrir frekari úrræði fyrir einstaklinga og fyrirtæki og gerð sviðsmynda um framtíð Grindavíkur.

Þýskir sérfræðingar ráðgjafafyrirtækisins Deloitte koma að gerð sviðsmynda í samvinnu við stýrihóp ráðuneytisstjóra og ýmsa aðila í ráðuneytum, stofnunum og hjá Grindavíkurbæ.

Sviðsmyndagreining er gagnadrifin aðferðafræði sem nýtt er til að sjá betur fyrir sér mögulega framtíð við ófyrirsjáanlegar aðstæður. Á slíkum grundvelli verða ákvarðanir markvissari og líklegri til þess að skila betri árangri. Steft er að því að niðurstöður verði kynntar um miðjan mars.



Verkefnum stjórnvalda vegna náttúruvár á Reykjaneskaga er hvergi nærri lokið og fyrirséð að þau muni taka mörg ár enn eða áratugi. Ríkisstjórnin hefur fjallað um ýmis mál tengd Grindavík og öryggi á Reykjaneskaga á fundum sínum og haldið fund í ráðherranefnd um málefni Grindavíkur.

Aðalfundur Samkaupa hf.

Stjórn Samkaupa hf. boðar hér með til aðalfundar félagsins fyrir rekstrarárið 2024.

Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn

12. mars 2025 kl. 15:00 á skrifstofu félagsins að Krossmóa 4a, 5. hæð, 260 Reykjanesbæ.


Á dagskrá fundarins eru aðalfundarstörf samkvæmt 14. gr. samþykktá félagsins.

Auk þess verður lögð fyrir fundinn tillaga um breytingu á 12. gr. samþykktá félagsins um boðun á aðal- og hluthafafundi.

samkaup



Byggir upp nýja kynslóð júdóíðkenda



Dr. George Bountakis, 6. dan, er yfirþjálfari Júdófélags Reykjaneshæjar (JRB) en hann kemur frá Apenu í Grikklandi. Það liggur vel á George og hann segist vera frá stóra þorpinu í Grikklandi þegar við setjumst niður yfir kaffibolla og spjöllum saman um júdó og hvernig standi á því að hann hafi endað uppi á Íslandi.



George segir að júdó sé vinsæl íþróttgrein í Grikklandi. „Ef ég man rétt þá eru yfir hundrað klúbbar í Grikklandi. Flestir af mínum nemendum eru að kenna núna og ég heyrði í einum þeirra síðast í desember, þá var hann að kenna 245 krökkum í sínum klúbbi. Grikkir hafa líka náð góðum árangri í keppni og eiga tvo ólympíuverðlaunahafa í júdó auk þess að hafa unnið til fjölmargra verðlauna á stórmótum í greininni. Besta auglýsingin fyrir íþróttina er að ná árangri og það er það sem ég er að reyna að kalla fram hér á Íslandi,“ segir George sem var m.a. lengi einn af landsliðsþjálfurum Grikklands og þjálfaði hann landsliðskeppendur frá Grikklandi, Wales og Stóra-Bretlandi fyrir Ólympíuleika. Ioulietta Boukouvala var meðal nemenda hans en hún vann til fjölda gullverðlauna á sterkustu júdómótum heims.

George er með doktorsgráðu í íþróttfræði með júdó sem sérgrein. „Mínar áherslur snúast um hvernig eigi að þroska iðkendur frá unglingsárum, undir átján ára. Ég varði fjórum árum í rannsóknir og fór m.a. til Japan, ekki sem háskólastúdent heldur sem júdóíðkandi.

Mín fyrirmynd er auðvitað japanskt júdó, það er ekkert sem kemst í hálfkvísi við það. Sumir segja að ég sé of hrifinn af japönsku júdó en maður þarf að þekkja til þess ef maður vill ná

árangri, segjum á stórmótum eða efsta getustigi. Ef maður er heppinn og mætir ekki japönskum andstæðingi í fyrstu umferð þá er pottþétt að þú mætir honum í átta manna úrslitum eða undanúrslitum – og ef þú þekkir ekki til þeirra stíls, hvernig ætlaður þá að keppa gegn þeim?“

George segir að sín aðferð virki, með því að kynna sér styrkleika andstæðinganna eru hans keppendur betur í stakk búinir til að mæta hverjum sem er.

„Aðferðin mín virkar og mínir keppendur vinna sínar viðureignir, auðvitað ekki alltaf en stundum. Það er auðvitað ekki auðvelt að vinna Japani því þeir hafa ótrúlega hæfni í grunnatriðum júdó, grunnatriðin er eitthvað sem við hugum ekki jafn vel að hér í Evrópu.“

Við erum ekki heimsmeistarar

„Af hverju er ég hér? Ég var í Bretlandi að reyna að ljúka náminu mínu, var þá að vinna að lokaritgerðinni, þegar ég sá tvær stöður auglýstar á sama tíma. Það var þjálfarastaða hjá kanadíska landsliðinu annars vegar og hjá íslenska júdósambandinu hins vegar. Ég hugsaði með mér að best væri að sækja um hjá báðum og þótt Kanada væri langt í burtu og launin betri þar þá er Ísland í Evrópu og það er þægilegra fyrir mig og fjölskylduna mína. Sem dæmi þá býr sonur minn hjá mér núna.“



Með forseta Alþjóðlega júdósambandsins.

Það var ekki margt sem George vissi um Ísland áður en hann flutti hingað. „Auðvitað fór ég á netið til að leita mér upplýsinga um Júdósamband Íslands og stöðuna á íslensku júdó en það var afskaplega lítið upp úr því að hafa. Þá sagði ég við sjálfan mig að þetta yrði áskorun, ég myndi þurfa að byrja frá grunni. Kannski að Ísland væri tilvalinn staður fyrir mína þekkingu sem þjálfari og minn bakgrunn sem fræðimaður og saman gætum við þróað íslenskt júdó hraðar en í öðrum löndum. Þetta er það sem ég er að fást við hjá JRB, við erum ekki heimsmeistarar, við erum ekki með keppendur á heimsmeiðliksvarða en við erum að bæta okkur.“

George var ráðinn framkvæmdastjóri Júdósambands Íslands og sinnti því starfi í um eitt og hálf tölur en eitthvað líkaði honum illa vistin hjá JSÍ, hann færði sig því til í starfi og hafnaði að lokum í Reykjaneshæ sem yfirþjálfari JRB.

„Hér hef ég íbúð sem félagið leggur til og ég kann virkilega vel að meta allt það sem er verið að gera fyrir mig,“ segir George. „Ég veit að hér hefur margt gengið á síðustu misseri en ég vil ekki dvelja í fortíðinni og vil frekar horfa fram veginn. Með samstarfi stjórnar og foreldra erum við í sameiningu að byggja upp nýja kynslóð af iðkendum JRB. Þetta er mín hvatning og mitt markmið þessa stundina,“

segir hann en til viðbótar við að þjálfra hjá JRB heldur George æfingabúðir [Master Class] víða um heim auk þess að vinna með nokkrum júdósamböndum.

„Í raun finnst mér ég vera mjög heppinn að fá að vera hér. Það hefur komið mér á óvart hversu margt gott fólk er í kringum mig hérna. Þetta samfélag iðkenda og foreldra, júdófjölskyldan stækkar stöðugt. Ekki bara út af þjálfurunum, ekki bara út af stjórnendum, heldur út af foreldrunum. Þeir standa með mér og klúbbum. Foreldrarnir eru stöðugt að hrósa mér fyrir þann tíma sem ég veiti börnunum þeirra en það er ég sem ætti að vera þakklátur þeim fyrir að treysta mér fyrir börnunum sínum – og ég er það, mjög þakklátur.“

Þjálfarar fjárfesta í sjálfum sér

George segir að í sínum augum hafi æfingar verið eins og leikskóli þegar hann kom til félagsins en stjórnin hafi viljað auka gæði kennslunnar og þar komi hann til sögunnar. „Auðvitað viljum við fá fleiri krakka til að æfa hjá okkur en á sama tíma viljum við fleiri keppendur. Svo ég setti það upp þannig að ákveðinn aldur fengi sinn þjálfara og hann myndi vera með mér á æfingum í sex mánuði án þess að fá greitt fyrir, bara til þess að læra – hann ætti að líta á það sem fjárfestingu í sjálfum sér til framtíðar. Hann myndi læra mínar kennsluáðferðir, þyrfti að fylgjast

ÍÞRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johanni@vf.is



með og taka glósur. Svo þegar mér finnst þessi þjálfari vera tilbúinn til að taka við þjálfuninni þá fær hann greidd laun, tekur við hópnum og losnar við mig. Að sjálfsögðu verð ég alltaf til staðar ef hann vantar leiðsögn en á þessum tímamarki er ég orðinn fullviss um að viðkomandi sé orðinn hæfur til að stýra æfingum eins og ég vil að sé gert. Hann er einn á dýnunni, ég er fyrir utan hana. Ef hann þarfnast mín get ég alltaf stigið inn og hjálpað.“

Metnaður George fyrir þjálfuninni er mikill og einungis þeir sem hafa svart belti geta orðið þjálfarar undir hans stjórn. „Svona undirbjó ég fyrsta þjálfarann okkar. Aðrir voru ekki alveg tilbúinir til að fara eftir þessum kröfum og það er allt í lagi, ég virði skoðanir annarra og þeir stigu bara til hliðar. Núna eru tveir aðrir að ganga í gegnum þetta ferli.“

Mér finnst það vera lágmarkskrafa að hafa svart belti til að þjálfra. Auðvitað er það ekki sjálfgefið að geta kennt þótt þú sért með svart belti. Til að þjálfra þarftu að hafa náð ákveðinni hæfni, hafa öðlast þekkingu og getu til að koma þeirri þekkingu áfram til annarra. Núna er menntuðum þjálfurum að fjölga hjá félaginu og í kjölfarið munu gæði iðkenda aukast,“ sagði George Bountakis að lokum.



George á spjalli við ungan nemanda eftir æfingu hjá JRB. VF/JPK

„Mér finnst það vera lágmarkskrafa að hafa svart belti til að þjálfra. Auðvitað er það ekki sjálfgefið að geta kennt þótt þú sért með svart belti...“



Æfingabúðir í Tyrklandi.

Suðurnesjamenn áttu sinn þátt í að landsliðið komst á Eurobasket

„Það gerist eitthvað þegar maður klæðist íslensku landsliðstreyjuni, maður er til í að skilja allt eftir á gólfinu,“ segir Njarðvíkingurinn Kristinn Pálsson en hann var í eldínunni ásamt félögum sínum í íslenska landsliðinu í körfuknattleik í síðustu viku, sem tryggði sér sæti á Eurobasket, sem er Evrópukeppni landsliða í körfuknattleik. Kristinn var ekki sá eini frá Suðurnesjunum, sveitungi hans úr Njarðvík, Elvar Már Friðriksson, er einn lykilmanna og Grindvíkingurinn Jón Axel Guðmundsson lék fyrri leikinn á móti Ungverjum á útvelli en var meiddur í þeim seinni, sem var á sunnudagskvöld í pakkaðri Laugardalshöll á móti Tyrkjum, sigur í þeim leik tryggði sætið á Eurobasket.

Kristinn var u.þ.b. að snerta jörðina eftir frábæra daga að undanförunu.

„Þetta eru búnir að vera tilfinningaríkir dagar að undanförunu, því er ekki hægt að neita þar sem mikið var í húfi. Við ætluðum okkur að komast á Eurobasket og höfðum til þess tvö tækifæri, nýttum hið fyrra á móti Ungverjum á útvelli illa. Það var eitthvað í spennustiginu hjá okkur sem var ekki rétt og við einhvern veginn náðum okkur aldrei almennilega á strik. Orkustigið þarf að vera rétt þegar verið er að mæta stórþjóðum og einhverra hluta vegna fundum við það ekki gegn Ungverjum.“

Ég fann hins vegar fyrir leikinn á sunnudagskvöld á móti Tyrkjum að við værum rétt gíraðir enda kom á daginn að við vorum með yfirhöndina allan tímann enda frábærglega studdir af bakkfullri Laugardalshöll. Tyrkirnir komu stundum til baka og minnkuðu muninn en ég hafði aldrei áhyggjur af því að við værum að missa tókin, svo innstilltir vorum við. Ég man ekki eftir að hafa upplifað aðra eins gleðistund þegar lokaflautið gall, léttrir, spennulosun, stolt og gífurleg ánægja blandaðist yndislega saman í góðan kokteil. Það var gaman að fagna með liðsfélagunum á sunnudagskvöld, maður á að fagna þegar maður nær markmiðum sínum.“

Eurobasket í fjórum löndum

Ísland hefur tvisvar sinnum áður komist á Eurobasket, 2015 og 2017, í hvorugt skipti tókst að landa sigri. Mótið í ár verður haldið í fjórum löndum, Lettlandi, Finnlandi, Kýpur og Póllandi, dregið verður í riðla 27. mars. Þrátt fyrir góðan árangur núna eru Kristinn og félagar jarðtengdir en mikil tilhökkun er fyrir lokamótinu.

„Þetta landslið okkar er einfaldlega mjög gott, liðsheildin er ofboðslega sterk og menn þekkja sín hlutverk fullkomlega. Hver einn og einasti leikmaður sem kom við sögu í Tyrkjaleiknum skilaði sínu. Við spilum mjög agressíva vörn sem útheimtir mikla orku og það skemmir ekki fyrir að vera með



turninn Tryggva Hlínarson í okkar teig ef andstæðingurinn sleppur fram hjá okkur sem erum framar á vellinum. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að vera með svona stóran og vel hreyfanlegan leikmann eins og Tryggva, sem nýttist okkur frábærglega sóknar- og varnarlega.

Við munum ekki fara fram úr okkur en mætum fullir sjálfstrausts í lokakeppnina. Ísland hefur aldrei náð að vinna leik á Eurobasket og kannski er gott fyrsta markmið að ná fyrsta sigrinum. Það verða sex lið saman í riðli og fjögur efstu komast í 16-liða úrslitin. Á okkar besta degi getum við keppt við öll þessi lið en lykillinginn að okkar árangri er að orkustigið sé rétt. Byrjum á að ná fyrsta sigrinum og hver veit nema markmiðið breytist í að komast upp úr riðlinum,“ sagði Kristinn að lokum.



Nes Íslandsmeistari í rennuflokki Íslandsmeistarinn í einstaklingskeppni, Ástvaldur Ragnar Bjarnason, keppti fyrir hönd Íþróttafélagsins Ness.

Íslandsmótið í sveitakeppni í boccia 2025 fór fram í Bluehöllinni um helgina þar sem 160 keppendur frá tólf félögum öttu kappi í þessari skemmtilegu íþróttagrein.

Nes hafði sigur á heimavelli í rennuflokki en sveit Suðra frá Selfossi fór á kostum á mótinu og varð Íslandsmeistari í fyrstu og annarri deild. Það var svo ÍFR úr Reykjavík sem hafði sigur í BC 1-5 flokki.

Lionsklúbbur á Suðurnesjum settu sterkan svip á mótið með góðri dómgæslu og ritarastörfum og þá voru félagar í Lions einnig að afhenda verðlaun á mótinu. Stjórn og starfsfólk Íþróttasambands fatlaðra vill koma á framfæri innilegu þakklaeti til Lionshreyfingarinnar sem og stjórnar Íþróttafélagsins Ness fyrir vel skipulagt og öflugt mót.



Eftir mót var lokahóf Íslands-mótsins haldið í Stapanum og þar skemmtu keppendur sér vel saman. Jóhann Páll Kristbjörnsson, ljósmyndari Víkurfrétta, tók meðfylgjandi myndir af keppni á Íslandsmótinu um helgina. Fleiri myndir má sjá á vef Víkurfrétta, vf.is.

1X2 „PRUMAÐ Á PRETTÁN“

Stormsveipurinn Petra Rós

Grindvíkingurinn Petra Rós Ólafsdóttir kom eins og stormsveipur inn í tipleik Víkurfrétta og ekki nóg með að hún hafi unnið þann sem var á stallinum, Brynjar Hólm Sigurðsson, 11-10, heldur bætti hún inn á banka-reikninginn sinn. Ellefu réttir gáfu heilar 1.100 krónur og hún var auk þess með nokkrar tíur, heildarvinningsupphæð 2.990 og ef reiknikunnátta blaðamanns er ekki að klikka, þá átti hún 2.054 krónur í vasanum eftir að búið var að gera upp kostnaðinn við sjálfan seðilinn en típparar í tipleik Víkurfrétta, þurfa að kaupa seðil sem kostar 936 krónur. Petra Rós er því ný á stalli og hennar fyrsti áskorandi er gamla knattspyrnukempan úr Garðinum, Björn Vilhelmsson.


Björn Vilhelmsson gerði garðinn frægan með heimaliði sínu, Víði í Garði. Blaðamanni er til efs að afrek Víðismanna verði leikið eftir, þeir léku á meðal hinna bestu og náðu alla leið í bikarúrslitaleikinn á Laugardalsvelli, og liðið nánast eingöngu skipað Garðbúum og það bjuggu ekki nema rúmlega þúsund manns í bænnum þá!

„Það var mjög gaman að taka þátt í þessu ævintýri á sínum tíma og kannski er það rétt hjá þér, þetta afrek verður kannski ekki leikið eftir. Ég er búinn að vera bíða eftir að Víðismenn myndu ná að endurtaka þennan leik en nú fer hver að verða síðastur, það eru líkur á að liðið sameinist Reynismönnum í Sandgerði. Ég er ekki búinn að mynda mér skoðun á því en ætla að gera það þegar ég er búinn að hlusta á fagaðila tala um alla kosti og alla galla. Þannig eiga allir að nálgast þetta viðfangsefni að mínu mati, að taka upplýsta ákvörðun.“

Íþróttir, og knattspyrna þá helst, hafa alltaf verið ofarlega á baugi hjá mér. Ég hef aldrei hætt að

spila knattspyrnu, ég byrjaði strax í hinum svokallaða „old boys“ bolta og hef orðið Íslandsmeistari með sameinuðu liði okkar Víðismanna og Keflvíkinga. Þetta er ofboðslega gaman finnst mér, félagsskapurinn til fyrirmyndar. Golfið er síðan ofarlega á baugi hjá mér, ég er með rétt rúma tólf í forgjöf í dag, náði lægst í 10,1 ef ég man rétt, hundfúlt að hafa ekki komist niður í eins stafa tölu og eigum við ekki að setja okkur markmið um það.

Ég hef ekki verið mikill tippari í gegnum tíðina og kominn tími til að mæta til leiks. Ég er gallharður stuðningsmaður Manchester United og verður að segjast eins og er að það eru erfiðir dagar, vikur, mánuðir og í raun ár, sem eru núna í gangi. Maður spyr sig í hvert skipti þegar maður sest niður spenntur að horfa á sína menn, hvort botninum sé náð.



Seðill helgarinnar	Petra	Björn
Man.City - Plymouth	1	1
Bournemouth - Wolves	1	1
Luton - Portsmouth	12	12
Middlesbrough - Derby	1	1
Q.P.R. - Sheff.Utd.	1X2	1X2
Stoke - Watford	12	12
Barnsley - Lincoln	1	1
Bristol Rovers - Rotherham	2	1X2
Exeter - Northampton	12	1
Leyton Orient - Charlton	1	1X
Peterborough - Shrewsbury	1	1
Stevenage - Huddersfield	1X2	2
Wigan - Reading	1	1

Það er eitthvað ofsalega mikið að hjá okkur sem sést kannski best á því að leikmenn sem gátu ekkert í rauðu United-treyjunni, blómstra þegar þeir komast í ný lið. Antony á Spáni, Rashford með Aston Villa, maður bara skilur þetta ekki. Auðvitað vill maður trú á nýi stjórninni viti hvað hann syngur en að geta ekki leikið nema eitt leikkerfi, með mannskap sem hentar engan veginn til að leika það leikkerfi, ég set spurningamerki við það. Ég ætla samt að vera bjartsýnn, við siglum vonandi í gegnum næstu umferð bikarsins sem er um helgina, eftir það er leiðin stutt á Wembley og allt getur gerst þá eins og United sýndi í síðasta úrslitaleik FA cup. Eigum við ekki að segja að ég stefni á að mæta þangað í vor sem sigurvegari tipleiks Víkurfrétta, og sé mína menn lyfta bikarinn aftur,“ sagði Björn.

Partý með fjöllumni

Petra Rós var himinlifandi yfir sigrinum og ekki skemmti verðlaunaféið frá Getraunum fyrir.

„Ég var algerlega í sjöunda himni þegar ég áttaði mig hvað hafði gerst þennan laugardag. Ég hef verið dugleg að taka þátt í alls kyns leikjum á Facebook og víðar og hef verið dugleg að sanka að mér alls kyns vinningum en að ná þessum árangri í tipleiknum tekur því öllu fram. Þegar ég var búin að gera upp kostnaðinn við seðilinn þá ákváðum við fjölskyldan að gera vel við okkur fyrir afganginn og áttum saman frábæra kvöldstund. Eigum við ekki að segja að ég stefni á tólf rétta í næstu umferð, alla vega er ljóst að andstæðingur minn þarf að hitta á sinn dag ef hann ætlar að vinna mig,“ sigurreif Petra Rós að lokum.



Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Sumarstörf

Vinnuskóli Reykjanesbæjar - Leiðbeinandi 100% starf

Vinnuskóli Reykjanesbæjar - Leiðbeinandi 50% starf

Vinnuskóli Reykjanesbæjar - Umsjónaraðili verklegs starfs (Yfirflokstjóri)

Vinnuskóli Reykjanesbæjar - Leiðbeinandi ungmenna með sértækar stuðningsþarfir

Ævintýrasmiðjan - Leiðbeinandi

Ævintýrasmiðjan - Umsjónarmaður

Velferðarsvið - Dagdvalir aldraða, sumarafleysingar

Önnur störf

Menningar- og þjónustusvið - Tækniáætlun í Upplýsingatæknideild

Myllubakkaskóli - Fagaðili/Sérfræðingur

Njarðvíkurskóli - Heimilisfræðikennari

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? - Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS



JAFNLAGNINGARTÖNN
2023 - 2026

Reykjanesbrautin

Hvað ætli maður sé búinn að fara margar ferðir fram og til baka um Reykjanesbrautina í gegnum tíðina? Fædd og uppalin í Keflavík, hafandi lært og unnið sitt hvorum megin við brautina frá því á menntaskólaárunum eru þær orðnar nokkuð margar. Þetta hugsaði ég einmitt á laugardaginn þegar ég keyrði til Reykjavíkur, enn eitt skiptið. Nú hyllir loksins, loksins í að hún verði tvöföld alla leiðina og að þessu áratuga baráttumáli okkar Suðurnesjamanna verði lokið. Það er mikið fagnaðarefni.

Það má lesa um það í fréttum frá þeim tíma að framkvæmdir við Reykjanesbrautina hófust árið 1960 og var fyrstu bílunum hleypt í gegn í lok október 1965. Ekki var ókeppis að keyra nýja veginn því vegatollur var innheimtur í sérstökum gjaldskýlum við Straum. Það er óhætt að segja að vegatollurinn fór illa í mjög marga, ég man eftir því þegar pabbi minn var að lýsa því hversu andvígur hann var honum. Einhverjir meira að segja tóku sig til og kveiktu í skúrunum rétt fyrir opunarathöfnina. Gjaldíð var rukkað í nokkur ár – gegn miklum og stöðugum mót-mælum – en var lagt af 1972.

Ég hef keyrt Brautina í öllum veðrum, á öllum árstímum og á öllum tímum sólarhringsins. Sumar ferðirnar eru eftirminnilegri en aðrar, eins og til dæmis sú sem tók fjóra tíma frá Hafnarfirði. Ég keyrði á litla rauða Daihatsuinum mínum (sem bróðir minn kallaði alltaf „Litla Skít“ þar sem honum fannst litla systir ekki sinna þrifum á bílnum af mikilli kostgæfni) á einfaldri, óupplýstri Reykjanesbrautinni þegar skellur á því líkur hríðarbylur og ég sá ekki á milli stikanna. Það tók mig einn og hálfan tíma frá Hafnarfirði í Kúagerði þar sem mér leist nú alls ekki á blikuna. Ekki bætti úr skák að í útvarpinu á Bylgjunni var þáttur með Þórhalli miðli og var hann að tala um draugagang á Vatnsleysunni! Seint og um síðir komst ég heim við illan leik með því að elta annan bíl út úr kófinu – hefði

LOKAORD



RAGNHEIÐAR ELÍNAR

örugglega elt hann út af veginum ef svo hefði borið undir. Þegar ég kom svo loksins heim sátu foreldrar mínir pollróleg yfir sjónvarpinu og höfðu ekki minnstu áhyggjur af mér jafnvel þó þau hefðu vitað hvenær ég lagði af stað. Engir símar auðvitað og aðeins öðruvísi stemning hjá þeim en hjá okkur núna þegar tilkynningaskylda ungsins er mun meiri en þarna tíðkaðist.

Annað varðandi Reykjanesbrautina, að það er auðvitað klár staðreynd að það er mun lengra og seinfærara til Keflavíkur en til Reykjavíkur um Reykjanesbrautina. Dæmi um það var þegar ég var á háskólaárunum að keppa í handbolta í Keflavík á föstudagskvöldi og svo á leið í party um kvöldið í Reykjavík. Tvær vinkonur höfðu boðist til að sækja mig til Keflavíkur og allt var klárt. Leikurinn var búinn og ég beið eftir vinkonunum þegar ég er kölluð upp í kallkerfi íþróttahússins og látin vita að það væri símtal til mín í afgreiðslunni. Það voru vinkonurnar, sem höfðu lagt af stað en snúið við einmitt í Kúagerði vegna veðurs. Þær sögðu sínar farir ekki sléttar: „Reykjanesbrautin er ófær, getur þú ekki bara fengið far með einhverjum í bæinn?“ Það var sem sagt bara ófært til Keflavíkur! Auðvitað fékk ég far með dómurinum í bæinn.

Þetta er sem sagt pistill miðaldra konu sem er mjög ánægð með að tvöföldun Reykjanesbrautarinnar fari að ljúka, loksins.

Ég hefði líka getað rætt Sundabrautina, en Gréta vinkona mín keypti sér einmitt einbýlishús í Grafarvoginum 1985 af því að Sundabrautin væri alveg að koma!

HS Orkuvöllur með hitakerfi sem hefur aldrei virkað

Beiðni hefur borist til bæjaryfirvalda frá knattspyrnudeild Keflavíkur um að láta leggja heimtaug að HS Orkuvellinum í Keflavík, svo að nota megi upphitunarkerfi sem lagt var undir völinn árið 2010 og hefur aldrei virkað sem skyldi.

Keflavík hlaut vilyrði fyrir styrkveitingu frá KSÍ ef mótframlag hlýst. Íþrótt- og tólmstundaráð hefur á hinn bóginn ekki fjármagn á fjárhagsáætlun 2025, segir í fundargerð ráðsins.

„Ráðið er meðvitað um að tímaþöfnun í knattspyrnu er sífellt að lengjast í báða enda og besti kost-

urinn er að hafa upphitun á vellinum,“ segir í fundargerðinni sem er vísað til bæjarráðs til umræðu.

Á fundi ráðsins 20. febrúar tók erindið fyrir á síðasta fundi sínum og fól Guðlaugi H. Sigurjónssyni, sviðsstjóra umhverfis- og framkvæmdasviðs, að vinna áfram í málinu.




Mundi

Hann stendur heldur betur undir nafni þessi völlur!



FUNDABOÐ

AÐALFUNDIR DEILDA KAUPFÉLAGS SUÐURNESJA VERÐA HALDNIR SAMKVÆMT SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS SEM HÉR SEGIR:



Deildir	Dagsetning	Dagur	Tími	Staður
1. deild Keflavík norðan Aðalgötu	6. mars 2025	Fimmtudagur	Kl. 17:00	Krossmóa 4a, 5. hæð
2. deild Keflavík sunnan Aðalgötu	6. mars 2025	Fimmtudagur	Kl. 17:00	Krossmóa 4a, 5. hæð
3. deild Njarðvík, Hafnir, Vogar	6. mars 2025	Fimmtudagur	Kl. 17:00	Krossmóa 4a, 5. hæð
4. deild Grindavík	6. mars 2025	Fimmtudagur	Kl. 17:00	Krossmóa 4a, 5. hæð
5. deild Sandgerði	5. mars 2025	Miðvikudagur	Kl. 18:00	Efra Sandgerði
6. deild Garði	5. mars 2025	Miðvikudagur	Kl. 17:00	Réttarholtsvegi 13, Garði
8. deild Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Reykjavík	3. mars 2025	Mánudagur	Kl. 16:00	Betri stofan, Firði, Norðurturni, 7. hæð, Hafnarfirði.

KSÍ

KAUPFÉLAG SUÐURNESJA

Krossmóa 4a | 260 Reykjanesbæ | Sími: 421 5409